

## **Svör við athugasemdum um breytingu á deiliskipulagi í Ólafsdal.**

### **Svar við umsögn Minjastofnunar**

Minjavernd hefur átt allt frumkvæði að, lagt verulega vinnu og umtalsvert fjármagn til fyrst skráningar og síðan rannsókna á fornminjum í Ólafsdal. Það var og er gert með það í huga að afla eins mikils fróðleiks og upplýsinga og hægt hefur verið um allar mannvistar og menningarminjar í dalnum. Því hafa verið gerðar í áföngum fornleifaskráningar yfir allan Ólafsdal, Hvarfsdal og eyrar að sjó. Jafnframt hefur Minjavernd átt frumkvæði að og kostað rannsókn á gróðurfari í dalnum frá landnámi og til nútíma. Er það m.a. gert til þess að afla grunns til þess að skapa megi af varkárni upplifun af gróðri sem þar var við upphaf byggðar.

Þessu hefur félagið unnið að og kostað til þess að afla fróðleiks og nýta hann til áætlunar um uppbyggingu, ekki bara húsa sem unnið er að endurgerð á, heldur einnig þess að draga svo sem kostur er fram forsendur til heildarskipulags dalsins sem taki sem kostur er tillit til alls þess fróðleiks sem fyrirhugað er að koma síðan á framfæri við ferðamenn sem til svæðisins munu koma.

Við þessar rannsóknir hefur verið skráður fjöldi fornminja og jafnframt hafa fundist merkileg ummerki og rústir húsa frá upphafi landnáms má segja. Öllum þessum minjum er ætlað að lifa áfram og veita framtíð fróðleik um lifnaðarhætti á staðnum frá landnámi og til nútíma.

Við vinnslu deiliskipulags var reynt að taka fullt tillit til þerra fyririggjandi gagna sem að ofan greinir. Það er sjálfsgagt og eðlilegt að taka tillit til þeirra litlu athugasemda sem fram hafa komið af hálfu Minjastofnunar og verða svæði fyrir hugsanlega ræktun færð fjær þeim þremur stöðum sem þar er bent á.

### **Svar við umsögn Ólafsdalsfélags**

Í athugasemdum frá Ólafsdalsfélagi gætir mikils misskilnings hvað þann þátt sem mest áhersla er lögð þar á þ.e. andmæli gegn skógrækt.

Athugasemdir eru orðaðar á þann veg að ætla mætti að í dalnum væri fyrirhuguð fullvaxin nytjaskógrækt. Það er alls ekki svo. Við þann fjölda rannsókna á minjum sem Minjavernd hefur staðið fyrir í dalnum var jafnframt gerð rannsókn á gróðurfari og þróun þess frá landnámi. Við niðurstöður þeirrar rannsóknar verður stuðst við framtíðaráform um ræktun. Í greinargerð sem samin var af Agli Erlendssyni kemur fram að amk innarlega í dalnum var upphaflega frekar strjált lágvaxið birkikjarr. Þar er jarðvegur nokkuð blautur og því óhentugur fyrir birki. Egill bendir á að ekki sé ólíklegt að utar í dalnum hafi vaxtarsvæði fyrir birki verið heppilegri, en þar eru hallamýrar og þurrari jarðvegur mun algengari.

Athugasemdir fjalla nokkuð um beðasléttur unnar á tímum bændaskólans á árunum 1880 til 1907. Við vinnslu deiliskipulags hefur verið reynt að horfa til þess að ræktun sé einkum utan þeirra svæða sem beðasléttur ná til. Ekki er því fyrirhugað að taka nema í litlum mæli þau svæði undir frekari ræktun en er í dag. Það er einmitt fyrirhugað að gera svo mikið sem kostur er úr öllu því starfi sem unnið var á tíma bændaskólans og þar eru beðasléttur stór þáttur.

Það er því svo að vaxtarskilyrði eru takmörkuð fyrir lágvaxið birkikjarr og skyldan gróður a.m.k. innarlega í dalnum. Jafnframt svo að rannsókn Egils Erlendssonar leiðir líkum að því að þar hafi verið birki og skyldar tegundir, en í frekar takmörkuðu mæli. Þetta eru þær forsendur sem Minjavernd hefur í huga við uppbyggingu í Ólafsdal hvað þetta varðar.

Þar er einnig svo að í Ólafsdal eru lítt grónir melar í hlíðum vestanvert dalsins. Þar er hugsun og viðleitni að ná upp grasvexti af sama og skyldum toga og fyrir er annars staðar. Skapa þar með meiri

hlýleika í yfirbragði. Sú hugsun nær einmitt til uppgræðslu á kjarri í skyldum mæli og líkur benda til að hafi verið við upphaf byggðar í dalnum. Það er einmitt einn tilgangur með þeim fornleifarannsóknum sem kostaðar hafa verið og verða áfram á rústum vikingaaldarskála og fleiri húsum að draga fram fróðleik fyrir ferðamenn og framtíð hvað varðar sögu og lifnaðarhætti.